

Föstudaginn 1. desember 1978.

Nr. 171/1978. **Ferðamiðstöðin h/f**
 gegn
yfirborgarfégetanum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ferðamiðstöðin h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1978.

Nr. 157/1977. **Alla Hjördís Hauksdóttir**
 (Gunnar Sæmundsson hdl.)
 gegn
Fatagerðinni B.Ó.T. h/f
 (Agnar Gústafsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsögn. Kaupgjaldskrafa. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 25.404 krónur með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. júní 1975 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnkrafa sú, er stefndi hefur uppi til skuldajafnaðar, er fébótakrafa vegna fyrirvaralausra slíta áfrýjanda á vinnusamningi málsaðilja. Hún er því sprottin af samningi þessum, eins og krafa áfrýjanda til vinnulauna. Þegar svo stendur á, verður að skýra ákvæði 1. gr. laga nr. 28/1930, sbr. áður lög nr. 4/1902 og nr. 55/1927, samkvæmt forsögu sinni þannig, að þau girði ekki fyrir það, að krafa stefnda um skuldajöfnuð komist að í máli þessu.

Vanefnd stefnda á greiðslum vinnulauna til áfrýjanda er eigi þess eðlis, að hún hafi heimilað áfrýjanda að slíta vinnusamningi málsaðilja fyrirvaralaust. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 þykir mega staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, þó þannig, að ársvextir ákveðast 13% frá 1. júní 1975 til 21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að ársvextir ákveðast 13% frá 1. júní 1975 til 21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Öllu Hjördísi Hauksdóttur, Hvassaleiti 6 hér í borg, gegn Fatagerðinni B.Ö.T. h/f, Bolholti 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar, kr. 25.404 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1975 til 20. nóvember 1976, en með 2½% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttatilaunir báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi réð sig til starfa á saumastofu hins stefnda félags, þar sem saumaðar eru síðbuxur. Þarna unnu 8 manneskjur, sem hver hafði sitt starfssvið, og vann stefnandi við svokallaða „overlock-vél“, sem faldar jaðra á tilsníðnu efni, svo þeir rakni ekki. Stefnandi hóf störf í byrjun mars 1975, og var um það samið, að stefnandi fengi sama kaup og aðrar stúlkur í fyrirtækinu, sem stefnanda var kunnugt um. Stefnandi var lausráðin fyrsta mánuðinn. Hluta launa fyrir marsmánuð fékk stefnandi í peningum, kr. 15.000, en afganginn 2. apríl með tékka frá stefnda að fjárhæð kr. 28.200. Stefnandi fékk bréf frá Seðlabanka Íslands, dags. 11. apríl 1975, þar sem sagði, að tékkinn hefði reynst innstæðulaus, þegar honum var framvísað í greiðslubanka, þ. e. Búnaðarbanka Íslands, 9. apríl. Þeir hefðu þá samstundis krafið útgefanda um tékkafjárhæðina ásamt vöxtum og innheimtugjaldi og þeir verði jafnframt að gera þá kröfu til hennar sem framseljanda tékkans, að hún greiði þeim tékkafjárhæðina ásamt dráttarvöxtum. Þegar stefnandi fékk bréf þetta, brá hún sér til framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Tómasar Sveinbjörnssonar, og sýndi honum bréfið. Hann sagði, að þetta væri misskilningur, þar sem nægir peningar væru til, og þessu yrði kippt í lag. Fleiri stúlkur fengu sams konar bréf, en í ljós kom, að Jón Baldvinsson, gjaldkeri fyrirtækisins, hafði gefið umræddan tékka út. Hann vann ekki á sama stað og stefnandi og aðrar stúlkur, og ekki var talað við hann um þetta, heldur framkvæmdastjórann. Eftir að hún hafði unnið aprílmánuð, fékk stefnandi greidd laun eftir þann mánuð í byrjun maí, kr. 52.000, enda hafði hún verið fastráðin eftir fyrsta mánuðinn á hækkuðum launum. Hluta launanna, kr. 34.136, fékk hún með tékka, útgefnum 5. maí, en kr. 16.290 í peningum. Eftir vinnu föstudaginn 16. maí, það er eftir kl. 1400, fór stefnandi að leita sér að annarri vinnu, en hafði þá ekki látið neinn í fyrirtæki stefnda vita, að hún óskaði að hætta. Hún fór á skrifstofu Karnabæjar, en þar hafði hún áður verið búin að sækja um starf, en þá hafði henni verið tjáð, að ekki væri vinnu að fá. Nú var hún send niður í verslun Karnabæjar í Austurstræti til reynslu, og síðan var henni tjáð, að hún gæti byrjað þar strax eftir helgina, mánudagur var frídagur. Það gerði stefnandi, og strax á þriðjudagsmorgun hringdi hún frá hinum nýja vinnustað sínum til framkvæmdastjóra stefnda, Tómasar, og tjáði honum, að hún væri byrjuð í nýrri vinnu. Framkvæmdastjórinn

tók ekki vel í það og hafði orð á, að þarna væri um fyrirvaralausau uppsögn að ræða og hún gæti ekki gengið úr verki, sem aðrar átta manneskjur ynnu með henni og leggja þar með niður alla vinnuna. Stefnandi lét sér ekki segjast og hélt sínu striki. Um næstu mánaðamót hafði stefnandi samband við gjaldkera fyrirtækisins og fór fram á laun fyrir þær tvær vikur, sem hún vann hjá stefnda, það er frá 1. til 16. maí. Jón Baldvinsson, gjaldkeri fyrirtækisins, hafði samband við Iðju, félag verksmiðjufólks, og leitaði ráða um mál þetta. Eftir að hafa rætt við forsvarsmenn félagsins og skoðað þeirra röksemdir, tók gjaldkerinn þá ákvörðun, að stefnandi ætti ekki rétt á þessum launum vegna sinnar fyrirvaralausau uppsagnar. Leitaði stefnandi þá til lögfræðings og höfðaði mál þetta. Hinn 27. maí 1975 fékk stefnandi annað bréf frá Seðlabanka Íslands, þar sem vísað var í fyrra bréf frá 11. apríl út af hinum sama tékka. Var í bréfi þessu gerð sú krafa til hennar, að hún greiddi ofangreindan tékka eigi síðar en 10 dögum eftir dagsetningu bréfsins. Stefnandi sinnti þessu ekki, en kveðst hafa fengið stefnu birta frá Seðlabanka Íslands vegna tékka þessa, en mál það mun ekki hafa verið þingfest.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að hið stefnda fyrirtæki beri að greiða henni laun fyrir unninn tíma í maímánuði 1975. Hún hafi sagt upp störfum sínum án fyrirvara um miðjan mánuðinn og það hafi henni verið heimilt. Uppsögn hennar hafi því verið algerlega lögleg og geti hið stefnda fyrirtæki ekki haldið eftir launagreiðslu til hennar vegna þeirrar uppsagnar. Henni hafi verið heimilt að láta af störfum án fyrirvara vegna vanefnda á samningi hennar við hið stefnda fyrirtæki. Vanefndir stefnda hafi verið þær, að stefndi hafi vanefnt þá meginskyldu sína að greiða henni vinnulaun skilvíslega á tilteknum gjalddögum með lögmætum gjaldeyri. Upplýst sé í málinu, að launagreiðsla til hennar eftir fyrsta mánuðinn hafi að meginhluta til verið greidd með innstæðulausri ávísun og þar sé brotið það ákvæði, að greitt sé með lögmætum gjaldeyri. Næstu mánaðamótin á eftir hafi launin ekki verið greidd strax, heldur 5. maí, og þar sé slíkur dráttur verulegur, þar sem frumskylda vinnuveitenda sé að greiða skilvíslega á tilteknum gjalddögum laun til starfsfólks. Þarna hafi því hið stefnda fyrirtæki brotið í fyrsta lagi þá skyldu sína að greiða með lögmætum gjaldeyri og í öðru lagi að greiða á réttum dögum. Hún hafi því svipast um eftir annarri vinnu og

fengið hana, þegar hún leitaði til verslunarinnar Karnabæjar, og sem betur fer hafi hún því ekki beðið tjón af háttsemi stefnda. Þessi vanefnd stefnda á meginskyldu hljóti að vera veruleg vanefnd, sem réttlæti fullkomlega hina fyrirvaralausú uppsögn. Sú spurning geti risið í málinu, eins og stefndi hafi bent á, hvort hún hafi sýnt tómlæti með því að hætta ekki eða kvarta ekki þegar í stað. Ekki geti verið um slíkt að ræða, þar sem þetta gerist ekki í neinni svipan, heldur séu vanefndir stefnda áframhaldandi og ekki allar þær sömu, eins og bent hafi verið á. Stefnandi bendir einnig á, að verði ekki fallist á þetta sjónarmið, það er, að uppsögnin hafi í alla staði verið lögmæt, þótt hún hafi verið án fyrirvara, þá beri samt að taka kröfu hennar til greina, þar sem krafa stefnda sé um skuldajöfnun á einhverri órökstuddri bótakröfu. Stefndi hafi alls ekki sannað neitt tjón, sem hann telji sig hafa orðið fyrir við uppsögn stefnanda, og ekki leitast við að færa sönnur að því. Jafnvel þótt stefndi hefði gert tjón sennilegt, þá komist skuldajafnaðarkrafan ekki að í þessu máli, þar sem slíkt sé andstætt 1. gr. laga nr. 28 frá 1930 um greiðslu verkaups. Stefndi hafi því í raun engin rök gegn kröfu stefnanda og beri því að taka hana til greina að fullu og dæma dráttarvexti, þar sem þarna sé um vanskil á greiðslu vinnulauna frá ákveðnum degi að ræða. Stefnandi bendir á, að dómur hafi gengið á þá leið, að sé eigi gerð tilraun til að sanna tjón atvinnurekanda vegna fyrirvaralausrar uppsagnar starfsmanns, þá komi slíkt ekki til álita. Sérstaklega bendir stefnandi á, að beiting 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 eða lögjöfnun frá henni sé alls óréttmæt, þar sem mjög sé vafasamt, að sú grein sé í gildi nú á dögum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að óumdeilt sé í málinu, að uppsagnarfrestur hafi verið tvær vikur og að stefnandi hafi hætt í starfi fyrirvaralaust. Eins og fram sé komið í málinu, hafi stefnandi unnið í framleiðslukeðju, og ef einn hættir í keðjunni, þá verði að setja annan í staðinn til þess, að störf átta starfsmanna leggist ekki öll niður. Augljóst sé, að afköstin minnki í framleiðslunni, þegar einn fari burtu, og augljóst sé, að við minnkandi afköst hafi fyrirtækið beðið tjón, sem hóflega sé áætlað kr. 50.000. Ekki sé krafist sjálfstæðs dóms um afganginn, þannig að eingöngu sé krafist skuldajafnaðar á bótakröfu stefnda við kröfu stefnanda, sem þannig verði að teljast mjög í hóf stillt. Stefnandi hafi alls ekki haft lögmæta ástæðu til að segja störfum

sínum upp fyrirvaralaust. Hún hafi fengið greiddan tékkann, sem út var gefinn 2. apríl, og þótt hún hafi fengið bréf frá Seðla-bankanum um, að tékkinn væri innstæðulaus, hafi hún alls ekki greitt hann og hún hafi fengið fullvissu um, að þessu yrði kippt í lag. Ekkert hafi því verið henni áhyggjuefni í þessu máli og hún hafi á engan hátt gefið til kynna, að hún væri að leita sér að öðru starfi eða vildi hætta í starfi sínu. Hún hafi hætt fyrirvaralaust, byrjað vinnu um morgun eftir helgi eftir að hafa fengið þá vinnu á föstudegi. Henni hafi strax verið bent á, að þar með mundi hún vinna fyrirtækinu tjón, en hún hafi ekki látið segjast. Ef hún hefði aðeins sagt hinu stefnda fyrirtæki frá ákvörðun sinni á föstudeginum, áður en hún byrjaði í hinu nýja starfi, hefði e. t. v. verið unnt að fá manneskju í hennar stað. Þarna sé um slíka lágmarkskröfu til starfsmanns að ræða, að aldrei hefði þurft að koma til máls þessa, ef hún hefði uppfyllt þessa lágmarkskröfu. Það hafi hún ekki gert og hún hafi síðar borið fyrir sig, að þetta væri vegna innstæðulauss tékka eða dráttar á greiðslu, en hið stefnda fyrirtæki hafi vitað og upplýst sé í málinu, að það hafi alls ekki verið hin raunverulega ástæða stefnanda. Hún hafi sjálf lýst því hér fyrir dómi, að hún hafi verið búin að leita eftir ákveðinni atvinnu í versluninni Karnabæ og þangað hafi hún farið og fengið þá vinnu og byrjað samstundis. Þarna sé augljóst, að þetta hafi verið það, sem stefnandi hafi verið að leita að, og hún hafi ekkert viljað bíða með að byrja í þeirri vinnu, sem hún raunverulega hafði leitað eftir. Slík framkoma starfsmanns sé ekki réttlæt看anleg og beri því að skuldajafna við kröfu hennar á launum fyrir unninn tíma bótum, sem augljóst sé, að hún skuldi atvinnuveitanda sínum.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups standi í vegi fyrir því, að bótakrafa stefnda komist að í máli þessu til skuldajafnaðar við launakröfu stefnanda.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafi unnið fyrir kr. 25.404 frá 1. maí 1975, þar til er hún hætti 16. maí fyrirvaralaust. Einnig er óumdeilt, að samkvæmt samningi þeim, er gilti milli aðilja, kjarasamningi Félags íslenskra iðnrekenda og Vinnuveitendasambands Íslands og Iðju, félags verksmiðjufólks, hafi uppsagnarfrestur verið tvær vikur. Samkvæmt 13. gr. sama samnings skyldi uppsögn vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Stefnandi sagði

ekki upp starfi sínu á annan hátt en að hringja þriðjudaginn 20. maí, en mánudagur var frídagur, og tilkynna verkstjóra, að hún væri byrjuð í annarri vinnu og kæmi ekki til starfa.

Telja verður upplýst, að stefndi hafi vanefnt samning sinn við stefnanda með því að greiða laun hennar ekki á réttum gjalddögum. Hins vegar er einnig upplýst, að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda, að hún mundi hætta eða vildi hætta vegna þessa, og gaf hún því stefnda ekki kost á að sjá um, að slíkt endurtæki sig ekki. Henni hefði og verið í lófa lagið að tilkynna stefnda um hið nýja starf sitt þegar á föstudeginum, en það gerði hún ekki. Þegar á þetta er litið, verður að telja, að stefnandi hafi að ástæðulausu haft uppsögn sína algerlega fyrirvaralaus og því teljist hún ólögleg.

Telja verður meginreglu íslensks réttar, að launþegi skuli bæta tjón, sem hann veldur vinnuveitanda með ólögumætu brotthlaupi. 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 gerir ráð fyrir meðalhófsbótum, sé fjárhæð tjóns ekki sönnuð, og er þar miðað við helming af kaupum fyrir tímann, sem eftir var. Telja verður reglu þessa sanngjarna. Þar sem stefndi hefur ekki sannað fjárhæð tjóns síns, en gert sennilegt, að tjón hafi orðið, skulu bætur til hans frá stefnanda taldar nema helmingi uppsagnarfrestsins, sem stefnandi hefði átt að vinna, eða kaup fyrir eina viku, með lögjöfnun frá nefndri 25. gr. hjúalaga. Stefndi hélt hins vegar eftir tveggja vikna kaupum stefnanda, og ber því að dæma hann til að greiða stefnanda kaup fyrir eina viku, eða kr. 12.702.

Eins og mál þetta er vaxið, verður krafa stefnanda um van-skilavexti ekki tekin til greina gegn andmælum stefnda, heldur dæmast 13% ársvextir.

Eftir þessum málalokum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Fatagerðin B.Ó.T. h/f, greiði stefnanda, Öllu Hjörðisi Hauksdóttur, kr. 12.702 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.